

STF-2018-09 Handverkssmiðja í Skaftárhreppi - starfsár 2018-2019

Markmið: Handverkssmiðjan í kjallara félagsheimilisins hefur verið opin í tæpt ár. Í ljósi þess hversu vel hefur gengið með smiðjuna þann tíma sem hún hefur verið opin stefnum við ótrauðar áfram. Stefnan er tekin á þrjú verkefni á komandi starfsári. Garngraff á sumri komanda og tvö námskeið, eitt á haustmisseri og annað á vormisseri. Garngraff eða óvænt götulist yrði verkefni sumarsins þar sem yrði heklað, ofið og prjónað, verkin skilin eftir í landslaginu eða þau fest á staura eða styttur. Verkefni næsta vetrar yrðu tvö námskeið, stefnt er á að gera áhugakönnun hjá notendum smiðjunnar og sjá hvaða námskeið hugnast notendum smiðjunnar.

Lýsing: Áætluð verkefni þessa starfsárs í Handverkssmiðjunni eru í samræmi við markmið hennar að vera félagsmiðstöð og fræðslumiðstöð. Fyrsta verkefni þessa starfsárs er garngraff. Handverkssmiðjan ætlar að vera með garngraff eða óvænta götulist í sumar á Kirkjubæjarklaustri. Með garngraffinu er ætlunin að vekja áhuga fólks á handverki og um leið að gera eitthvað lifandi og skemmtilegt, sem leiðir saman kynslóðir í sköpun handverks. Í garngraffi er unnið með garn og efni, það er heklað, ofið eða prjónað og verkin eru fest á staura, styttur eða skilin eftir í landslaginu. Markmið verkefnisins er að efla menningarstarfssemi og listsköpun í héraði. Listakonan Lilia Carvalho er tilbúin til þess að vera með okkur við framkvæmd þessa gjörnings, en hún er vön gjörningalist sem þessari. Verkefnið yrði unnið þannig að á opnunartíma handverkssmiðjunnar gæti fólk komið og unnið að sínu garngraffi, í sumar yrði svo valin helgi þar sem garngraffarar kæmu saman og ynnu að listinni og myndu svo skreyta þorpið með verkum sínum. Í byrjun vetrar yrði svo námskeið á vegum smiðjunnar. Þá yrði boðið upp á val á milli þriggja kosta og gerð yrði skoðanakönnun á meðal notenda smiðjunnar, hvaða námskeið myndi hugnast þeim best. Handverkssmiðjan myndi svo halda námskeiðið, finna og ráða kennara og sjá um utanumhald á námskeiðinu. Tillögur að námskeiðum gæti verið, harðangur og klaustur, fléttur eða framhaldsnámskeið spuni og tóvinna II. Eftir áramót yrði svipaður háttur hafður á fólk gæti valið á milli tveggja til þriggja kosta eða sjálft stungið upp á námskeiðum sem handverkssmiðjan myndi hafa milligöngu um að halda. Með þessu vonumst við til að geta virkjað fleiri til þátttöku í smiðjunni. Árangur starfsársins og verkefna smiðjunnar yrði svo metinn út frá mætingu á námskeið og þátttöku í garngraffinu.

Verkefninu var úthlutað kr. 300.000.- árið 2018.

Upplýsingum úr framvindu- og lokaskýrslum verkefnisins verður bætt hér við eftir því sem verkefninu vindur fram.